

Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Bingó
- Hrútasýning
- Göngutúr

Næsti Pési kemur út .13.nóv 2014

Athugið!!

Efni í Pésann-verður að berast í allra síðasta lagi 10.nóv

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Íþróttaskóli	5
Taxi	6
Hrunaprestakall	8
Upplit	11
Smári	12
Árshátíð	13

Pési



Okt 2014
Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

<http://www.facebook.com/pages/Hrunamannahreppur/305727359440557?ref=ts&fref=ts>

24. árgangur. 286 tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600



BÓKASAFN



Frá Bókasafni Hrunamanna

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Verið hjartanlega velkomin á bókasafnið.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



Sveitarstjórapistill

Október heilsar okkar á sínum stað. Það hefur annars verið merkileg tíð á þessu hausti, dálítið í fljótandi formi, svo sumstaðar stefnir það í met. Þetta hefur valdið erfiðleikum sérstaklega í útiræktinni í grænmetinu svo ég tali nú ekki um kornbændur. Kannski að október reddi þessu eins og hann gerði reyndar í fyrra. Það er allaveganna fallett að horfa á haustlitina þessa dagana og nú rignir laufum á Flúðum og víðar.

Annað sem er áberandi þessa dagana er að áhrif eldgossins í Holuhrauni eru orðin sjáanleg. Það verður greinilega ekki bæði sleppt og haldið, þ.e. að fá þurrt veður og enga gasmengun. Það var haldinn mjög góður íbúafundur fyrir Uppsveitir á vegum Almannavarna Árnessýslu í Árnosi um daginn þar sem var farið yfir þessi mál sem tengjast eldsumbrotum í Báraðarbungu. Fundurinn var vel sóttur og fyrir mína parta er ég mjög ánægður með það kerfi sem Almannavarnir, bæði á landsvísu og í Árnessýslu, hafa komið sér upp. Íbúar eru líka orðnir meðvitaðir um hvernig þetta virkar allt saman sem er líka mjög mikilvægt til að tryggja rétt og fumlaus viðbrögð ef við lendum í náttúruhamförum sem standa okkur nær en þessar.

Það er búið að vera mikið um að vera á vettvangi sveitarstjórnamála þessar vikunnar. Október er reyndar alveg undirlagður í ýmsum fundum. Bæði er að verið er að fara yfir málin á landsvísu með nýjum sveitarstjórnnum og síðan er verið að vinna í málum tengdum fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna. Fyrst má nefna Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga sem alltaf er haldið á haustin á ári nýrra sveitarstjórna. Þar er verið að leggja grunn að stefnumótun og áherslumálum sveitarfélaganna fyrir næstu 4 árin og veitir eflaust ekki af. Þá er árlega haldin fjármálaráðstefna sveitarfélaganna þar sem verið er að spá í rekstrarumhverfi þeirra og markar í raun miðpunkt upplýsinga í tengslum við fjárhagsáætlunargerð. Þá hefur einnig verið fundað út af málefnum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem eins og nafnið ber til kynna á að jafna aðstöðumun sveitarfélaganna. Þar er tíðinda að vænta en á næsta ári á að liggja fyrir endurskoðun á úthlutunarreglum sjóðsins. Hrunamannahreppur er nokkuð háður framlögum sjóðsins, þó minna síðustu ár, og verður eflaust spennandi hvort við verðum plús eða mínus megin við þessar breytingar sem eiga sér stað um áramótin 2015/2016. Annað mál sem verið hefur í umræðunni, bæði hjá sveitarfélögunum og almennt, er það hvernig aldurssamsetning þjóðarinnar er að breytast og það hratt. Þetta tengist mjög hvenær fólk byrjar að taka lífeyri og einnig hvernig heilbrigðiskerfið og við sem samfélag eigum að bregðast við.

Að mínu mati er augljóst að lífeyrisaldur þarf að hækka í 70 ár í þrepum innan ekki langs tíma ef ekki á illa að fara. Fyrir mína parta sem hæfilega miðaldra karlmaður er ég farinn að sættast við þá staðreynd.

Nú er fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2015 að fæðast og vinna við hana komin vel á veg. Við ætlum að bæta okkur aðeins í vinnulaginu og auka meðvirkni nefnda Hrunamannahrepps við gerð hennar. Það er að mínu mati til bóta að kalla fleiri úr nær samfélaginu að þessari vinnu og stuðla þannig líka að festu í fjármálum sveitarfélagsins því með nýjum fjármálareglum sveitarfélaganna er fjárhagsáætlun hvers sveitarfélags lykilplagg. Annars kemur þetta betur í ljós hvernig þetta lítur út um mánaðarmótin en þó er ljóst að nýir kjarasamningar munu taka í rekstur sveitarfélagsins. Auðvitað er gott að geta borgað góðu fólki betri laun en á móti kemur að maður eyðir víst ekki sama peningnum tvisvar. Annars er þetta bara spennandi verkefni því þegar föstum rekstri sleppir reynir á hvað hægt sé að gera til að fjárfesta í þörfum verkefnum í sveitarfélaginu.

Nú þegar hausta tekur og tré fella lauf vil ég hvetja íbúa og atvinnurekendur til að klippa tré og runna við vegi og götur við sínar eignir. Á þetta bæði við þéttbýli og deifbýli en það þarf alltaf að halda vöku sinni til að skapa gott aðgengi fyrir vegfarendur, ég tala nú ekki um stóra bíla.

Annað sem ég vil vekja athygli á er sú hugleiðing hvort og hversu virkir foreldrar og aðstandendur eru í að taka þátt í leik og starfi barna sinna. Ég hef fyrir mína parta dálitlar áhyggjur af því að foreldrar eigi til að gleyma því hlutverki sínu að styðja og sýna börnum sínum hluttekningu í því sem þau taka sér fyrir hendur. Hvorki skólinn, íþróttahreyfingin eða aðrir tómastundahópar geta séð um allt það sem kemur að uppeldi barnanna eða nauðsynlegan stuðning og hvatningu sem ég held að öll börn þurfi á að halda. Verum virkir þátttakendur með börnunum okkar.

Höfum það gott og njótum haustlitanna saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri



LAGNA POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM
SMÍÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866
BREYTTUR OPNUNARTÍMI
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17
LAUGARDAGA 11-13

Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi **föstudaginn 24. október 2014**

Athugið!! gjafakort til sölu.

Tímapantanir í síma: 863 0433

Allir velkomnir!

Sólveig Jóhannsdóttir
Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN
fontana
Hölsulind frá landnámi

Flutningaþjónusta Unnars



Íþróttaskóli fyrir leikskólakrakka 4.október- 1.desember í íþróttahúsi Hrunamanna.

Ágætu foreldrar/aðstandendur.

Íþróttaskóli fyrir leikskólakrakka mun hefjast í íþróttahúsi Hrunamanna á Flúðum á næstunni. Er þessi íþróttaskóli fyrir öll börn sem komast á leikskóla sveitarfélagana eða frá eins árs til elsta árgangsins. Byrjar hann laugardaginn 4.október og verður alla laugardaga eftir það kl. 11 og er til 12 og síðasti dagurinn verður laugardagurinn 1.desember og eru það 10 skipti. Foreldrar/aðstandendur þurfa að koma með börnum sínum og styðja við þau og aðstoða í hverjum tíma.

Í íþróttaskólanum verður lögð áhersla á að þjálfra samhæfingu og jafnvægi barna með ýmsum skemmtilegum æfingum. eru foreldrar/aðstandendur mikilvægur hlekkur í að styðja við þjálfun barna sinna í skólanum.

Stakur tími kostar 1000kr

10 tímarnir kosta 7000kr.

Leiðbeinandi á námskeiðinu er Kristín Magdalena Ágústsdóttir leik og grunnskólasérkennari

Frekari upplýsingar og skráning á námskeiðið er á netfangið/símamann: kristinm@arborg.is gsm:690-4541



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:30-18:00
Laugardaga	10:00-18:00
Sunnudaga	11:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl. Samkaup strax
á Flúðum.

Sími 486 6633

fludir@samkaupstrax.is <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>



Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta
Grímsnesið,

Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Gnúpverjahr.

Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum
eftir bestu getu.

Með Kv. TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími hreppsskrifstofu.

Mánudaga til fimmtudaga:

09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:30

Týndar hækjur!!

Hefur einhver fengið lánaðar hækjurnar mínar?

Gunna á Varmalæk



Upplit

Menningarklasi uppsveita Árnessýslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.



GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokun.

Tímappantanir í Síma 856-1599

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 480 5112

Við viljum þakka ykkur öllum kærlega fyrir að hafa styrkt fjáröflun okkar vegna Danmerkur ferðar núna í haust. Fyrir að gefa okkur dósir og flöskur, kaupa af okkur kökur og mæta á bingó. Við komumst í ógleymanlega Danmerkur ferð með hjálp ykkar. Takk æðislega fyrir. Kveðja 10. bekkur Flúðaskóla.



Frá Hrunaprestakalli

Kæru sveitungar.

Nýr sóknarprestur heilsar ykkur og hlakkar til samfunda og samstarfs. Hér að neðan má sjá dagskrá helgihaldsins fram yfir áramót. Sérstakt blað með dagskránni verður einnig sent inn á hvert heimili í prestakallinu og fær vonandi pláss á ísskáp heimilisins eða minnistöflu. Nýtt dagskrárblað fyrir vormisserið og fram á sumar verður síðan sent út í byrjun árs. Messutilkynningar birtast í Pésanum og í Fréttabréfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps en að auki í Dagskránni og Sunnlenska fréttablaðinu. Heimasíða prestakallsins er í smíðum en þar verður hægt að nálgast allar upplýsingar um kirkjustarfið. Heimasími sóknarprests er 486-6737 og farsími 856-1572. Netfang: oskar@hruni.is

Framundan er fjölbreytt helgihald í kirkjunum okkar sem ætlað er að ná til allra aldurshópa. Sjáumst í kirkjunni!

Með blessunaróskum,

Óskar Hafsteinn Óskarsson

sóknarprestur



HRUNAPRESTAKALL Helgihaldið á haustmisseri 2014 og um áramót

GUEYMIST VEL Á
ÍSSKÁPNUM!

5. okt.: Guðsþjónusta í Hrunakirkju kl. 14. Prófastur setur nýjan sóknarprest formlega inn í embætti. Kaffi á eftir.
19. okt.: Guðsþjónustur. Hrepphóla­kirkja kl. 11 og Stóra-Núpskirkja kl. 14.
-
2. nóv.: Fjölskylduguðsþjónusta í Hrunakirkju kl. 11 og messa í Ólafsvallakirkju kl. 14.
16. nóv.: Fjölskylduguðsþjónusta í Stóra-Núpskirkju kl. 11 og messa í Hrepphóla­kirkju kl. 14.
29. nóv. (lau.): Helgistund í Hrepphóla­kirkju kl. 15. Kveikt á ljósum í kirkjugarði.
30. nóv.: Aðventuguðsþjónusta í Ólafsvallakirkju kl. 11 og aðventukvöld í félagsheimilinu á Flúðum kl. 20.
-
7. des.: Aðventuguðsþjónusta í Hrepphóla­kirkju kl. 11 og aðventukvöld í félagsheimilinu Árnosi kl. 20.
24. des.: Guðsþjónusta á aðfangadagskvöld í Hrunakirkju kl. 23.
25. des.: Hátiðarmessur. Stóra-Núpskirkja kl. 11 og Hrepphóla­kirkja kl. 14. Ljósaguðsþjónusta á jóladagskvöld í Ólafsvallakirkju kl. 22. Kirkjan lýst upp með kertaljósum.
31. des.: Guðsþjónusta á gamlársdag í Tungufellskirkju kl. 15. Aftansöngur í Stóra-Núpskirkju kl. 16:30.
-
4. jan.: Nýárs­messa í Hrepphóla­kirkju kl. 14.

Geymið dagskrána og sjáumst í kirkjunni!

Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

Sundlaugin á Flúðum. Vetraropnun

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 12:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi. Vetraropnun

Mánudaga til fimmtudaga 16:00-21:30

Föstudaga: 13:00-18:00.-

Einnig er opið á laugardögum ef mót eru í gangi, frá kl: 12:00-15:00



EIMSKIP

Flúðaleið ehf

Landflutningar
SAMSKIP

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar

Bazar

Kvenfélögin í Flóahreppi standa sameiginlega að bazar laugardaginn 8.nóvember 2014

Kl.14-18 í Þingborg.

Allur ágóði rennur til styrktar nýrri göngudeild við Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi.
Kaffhúsastemning, kökubazar og fjölbreytt handverk til sölu.

Kl.15 kynnrir Labbi kærleiksdiskinn sinn "Litið ljós" og leikur lög fyrir gesti.

Kl.16 verða kynntar nýttkomnar bækur frá Sunnlenska bókaaffinu.

Tekið verður við greiðslukortum.

Kvenfélögin, Gaulverjabæjarhreppi, Hraungerðishreppi og Villingaholtshreppi.

SMÁRI



Haustfundur Smára 2014

Verður haldinn þriðjudagskvöldið **21 október kl 20.30** í Reiðhöllinni á Flúðum.

Það sem meðal annars er á dagskrá fundarins :

Barna- og fjölskyldustarf – stefna?

Námskeiðshald – hvernig námskeið?

Punktamót – á að fækka mótum? Halda þau með öðrum félögum?

Gæðingamót/Íþróttamót – Halda opin mót?

Önnur mál

Ef þið hafið skoðun á þessum málum eða viljið koma öðru á framfæri til stjórnar eða félagsmanna er upplagt að taka þessa kvöldstund frá, mæta og ræða málin.

Stjórnin hvetur sem flesta til að mæta hlusta á fróðlegt erindi og ræða framtíð og stefnu félagsins.

Allir velkomnir

Stjórn Smára

Safnarasýning Upplits 2014

Safnahelgi á Suðurlandi er árviss viðburður fyrstu helgina í nóvember.

Upplit menningarklasi Uppsveita Árnassýslu hefur tekið þátt í þessum viðburði undanfarin ár og efnir nú til safnarasýningar í fjórða sinn. Að þessu sinni verður safnarasýningin haldin í Héraðsskólanum á Laugarvatni laugardaginn 1. nóvember kl. 13:00-17:00.



Á sýninguna koma saman safnara með einkasöfn sín sem geta verið af ýmsum toga.

Nú er tækifærið til að dusta rykið af einkasöfnum og sýna þau öðrum. Þá er átt við stór og smá söfn sem leynast víða á heimilum; frímerki, spil, merki, uglur, kindur, húfur, penna, límmiða, glansmyndir, servíettur, eldspýtustokka, póstkort, skó eða hvaðeina sem sumir hafa gaman af að safna og aðrir hafa gaman af að skoða. Þetta er kærkomið tækifæri fyrir safnara að hitta aðra safnara og einnig er áhugavert að skoða skólann sjálfan sem er einstök bygging. Við hvetjum alla safnara og ekki síst safnara í Laugardalnum til að kynna fyrir samferðafólki sínu hvaða gersemar hafa heillað þá og hvers vegna.

Þeir sem hafa áhuga á að vera með í sýningunni eru hvattir til hafa samband við

Skúla Sæland 663 9010 / skulisael@gmail.com eða ferðamálafulltrúa asborg@ismennt.is

Gistiheimilið Flúðum—Grund

Í vetur verður opið:

Mánudaga til föstudaga: 11:30-14:00 og 18:00-20:30

Laugardaga og sunnudaga: 11:30-21:00

Verið velkomin

Sími: 565 9196 og 896 1286

gamlagrund@simnet.is www.gistingfludir.is



Hæ krakkar!



Þann 3. október kom hún Guðríður Eva dýralæknir í heimsókn til okkar og fræddi okkur um ýmislegt varðandi hestafóðrun og hestaheilsu. 17 börn og nokkrir foreldrar mættu og hlustuðu á fróðlegt og skemmtilegt erindi frá Guðríði Evu. Að loknu erindinu var farið yfir nokkrar spurningar og það var gaman að sjá hvað allir voru búnir að hlusta vel og svöruðu spurningum hennar með glæsibragð! Pizza og gos fékkst í

verðlaun og svo er nú alltaf gaman að fara í nokkra leiki í reiðhöllinni!

Þökkum ykkur kærlega fyrir samverunu!

Nú er næst á dagskrá hjá okkur árlega haustferðin okkar. Að þessu sinni ætlum við að skella okkur í Flóann!

Hún verður farin væntanlega um miðjan nóvember!

Endilega fylgist vel með tilkynningum á Facebook síðu Smáarakrakkar og tilkynningum í Mentorkerfinu!

Hvetjum einnig foreldra að fylgjast vel með tilkynningum og að skrá öll börn í Hestamannafélagið Smára. Það er ókeypis!

Hægt er að senda okkur skilaboð á smarakrakkar@gmail.com eða setja línu á Facebook síðu Smáarakrakkar.

Myndir frá starfinu og erindið hennar Guðríðar Evu er einnig hægt að nálgast á Fb síðu Smáarakrakkar!



bestu kveðjur, Æskulýðsnefnd Smára



ÁRSHÁTÍÐ
HESTAMANNAFÉLAGANNA Í
UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU

25 október n.k


19:00 til 03:00

Í Aratungu

Þriggja rétta hátíðarkvöldverður framreiddur af bestu kokkum uppsveitanna úr úrvalshráefni af svæðinu.

Hljómsveitin Karma spilar fyrir dansi.

**Húsið opnar kl 19:00
Nánar auglýst þegar nær dregur.**



Auglýsing frá hjónaballsnefnd 2015

Við óskum eftir áhugasömum og metnaðarfullum sælkerum til að sjá um matinn á Hjónaballi Hrunamanna sem haldið verður í Félagsheimilinu á Flúðum 7. mars 2015.

Um er að ræða matseld og framsetningu ásamt öllu öðru sem tilheyrir veislumat fyrir um 300 manns.

Áhugasömum aðilum er bent á að hafa samband í gegnum netfangið lkot@simnet.is eða hringja í Valdísi í síma 8226617 fyrir 15. desember 2014. Hjónaballsnefndin ☺

Dósa- og flöskusöfnun 9. bekkjar!

Á næstu dögum munu krakkarnir í 9. bekk fara um sveitina og óska eftir að fá dósir og flöskur hjá íbúum í þeim tilgangi að safna fyrir Danmerkurferð á næsta ári.

Dósa- og flöskusöfnun hefur verið einn mikilvægasti þátturinn í fjáröflun þeirra árganga sem farið hafa til Danmerkur og við vitum að krökkunum verður vel tekið.

Á næstu mánuðum verða farnar ferðir í sama tilgangi og því má búast við að krakkarnir banki upp á hjá íbúum af og til. Ef svo vill til að enginn var heima þegar söfnunarferð var farin og/eða umbúðirnar orðnar ansi plássfrekar, þá endilega hafið samband við undirituð og við sækjum dósirnar/flöskurnar til ykkar.


Snorri – 618-6055

Unnsteinn – 661-5935

Þóra – 861-8383



Með von um góðar viðtökur – Nemendur og foreldrar 9. bekkjar Flúðaskóla.



*Þorrablot Kvenfélags Hrunamannahrepps
verður haldið laugardaginn 31. janúar 2015.*

*Nú er um að gera að skrifa blótið í
dagbókina og láta sér svo fara að hlakka
til.*

*Undirbúningur er langt kominn og bíðum
við spenntar eftir Þorranum.*



*Hlökkum til að sjá ykkur á
þorrabloti.
Nefndin.*



Frá Bókasafni Hrunamanna

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18



Eins nauðsynlegt og það er að rækta líkamann þá er ekki síður mikilvægt að næra hugann og bókasöfnin þjóna því hlutverki sem sannkölluð heilsulind.

Það hefur vonandi ekki farið framhjá neinum að nú stendur yfir landsleikur í lestri, sem ber heitið ALLIR LESA. Eins og nafnið gefur til kynna, þá er það öllum opið. Nánari upplýsingar um leikinn má finna á síðunni <http://www.allirlesa.is/>

Einnig stendur Ævar vísindamaður fyrir lestrarátaki barna á aldrinum 6-12 ára. Átakið stendur frá 1. október til 1. febrúar. Foreldrar barna á þessum aldri eru sérstaklega hvött til að kynna sér fyrirkomulag átaksins á síðunni <http://www.visindamadur.com/> Kvittuðum miðum má skila á bókasafnið.

Nú er um að gera fyrir unga jafnt sem aldna að ná sér í góða bók því lestur gerir lífið svo miklu skemmtilegra ☺

Verið hjartanlega velkomin á bókasafnið.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628



Bingó Bingó

Árlegt bingó körfuboltadeildarinnar
verður haldið í Félagsheimili
Hrunamanna sunnudaginn

26 október kl: 20:00.

Við hvetjum alla til að mæta,
glæsilegir vinningar að vanda.

Kveðja, stjórn körfuboltadeildarinnar.

Hrútasýning í Reiðhöllinni 18. október 2014.



Sauðfjarræktarfélag Hrunamanna heldur hrútasýningu í Reiðhöllinni á Flúðum laugardaginn 18. október kl. 14.00.

Fjórir flokkar verða sýndir: hvítir lambhrútar, mislitir lambhrútar, skrautlegar gimbrar og veturgamlir hrútar.

Frá hverjum bæ má koma með 5 kindur að eigin vali til dóms.

Skráningargjald á kind er 1.000 kr.

Einnig má koma með til viðbótar til gamans, forystusauði og sauðfé sem er sérstakt á einhvern hátt án skráningargjalds.

Veitt verða verðlaun fyrir 3 bestu hrútana í hverjum flokki og fyrir 3 skrautlegustu gimbrarnar.

Fengnir verða sérstakir dómarmen sem dæma hrútana og raða upp í verðlaunasæti.

Hrútar þurfa ekki að vera með dóm en verða að vera fæddir í Hrunamannahrepp.

Gestir sýningarinnar velja skrautlegustu gimbrarnar.

Stíur verða uppsettar fyrir hvern bæ fyrir sig samkvæmt kröfum og leyfi frá MAST.

Fyrirtæki verða með kynningar sem tengjast búskap.

Handverksfólk getur fengið ókeypis borð til að selja vörur sínar.

Kjötsúpa, kaffi, flatkökur og kleinur á boðstólum og æsispennandi **rollubingó** með veglegum vinningum.

Hægt er að skrá sig á sýninguna og fá borð í síðasta lagi 12. október hjá :

Haukur haukurmarhilm@visir.is

Benedikt í síma 8611907 eða bjaben@simnet.is

Esther í síma 4866590 eða solheimar@vortex.is

Hvetjum alla sauðfjorbændur til að koma og sýna hrútana sína og skrautlegar gimbrar og eiga saman skemtilegan dag.

Allir eru velkomnir á sýninguna og aðgangur er ókeypis !

Stjórn Sauðfjarræktarfélags Hrunamanna.

Kirkjuganga Kvenfélaga í uppsveitum Árnassýslu (Hrunaprestakalli).

Skipuð göngunefnd í Kvenfélagi Gnúpverjahrepps ákvað á sínum fyrsta fundi að hafa þema haustgöngutúra að þessu sinni að ganga á milli kirkna í Hrunaprestakalli og enda gönguna í Hrepphóla­kirkju þann 29. Nóv, en þá er auglýst helgistund í Hrepphóla­kirkju kl 15:00 tendruð ljós í kirkjugarði og [inn­ganga aðventu hef­st.](#) Samband var haft við formenn kvenfélaganna, þær voru jákvæðar að taka þátt ef nefndin myndi útfæra göngutúrana.

Áætlun göngtúranna er svona hugsuð.

Laugardagur 18. Okt. -- Gengið frá Stóra-Núpi, Ólafsvallakirkju og Hrunakirkju kl. 10:00 f.h. sem styðstu leið í áttina að Hrepphóla­kirkju í ca 1-2 tíma fer eftir getu fólks eða vilja ca. 5-6.km fyrsta daginn og trúlega svipað hin skiptin líka. Allir velkomnir með í gönguna, börn unglingar karlar og konur. Bill hafður með í för svo hægt sé að hvíla fótafúna aðeins smá stund og hefja svo göngu aftur ef vill. Bill fer þó tæpast yfir mýrar og engi. Eins er gott að hafa nesti eða einhvern vökva meðferðis. Fatnað við hæfi vegna veðurs, skoða veðurspána þá um morguninn. Gott væri að hafa einhvern sem stýrir göngunni eða er í forsvari fyrir sitt kvenfélag á hverjum stað.

Laugardagur 1.Nóv. – Ganga hefst kl. 10:00, gengið frá þeim stað sem hætt var síðast og gengið í 1 - 2 tíma eins og 18.okt. með sama fyrirkomulagi með bíl og einhverju til að drekka o.s.fr. Allir velkomnir endilega vera dugleg að hreyfa sig [ganga](#) er góð hreyfing, tala nú ekki um góður félagsskapur! ©

Laugardagur 15. Nóv. – Ganga hefst kl.10:00,gengið frá þeim stað sem hætt var þann 1. Nóv. alltaf styttest í Hrepphóla­kirkju. Gengið áfram í ca 1-2 tíma helst ætluðum við að hittast á Laxárbrúnni þennan laugardag. Kl. ca 12:00 á hádegi alla vega Stóra-Núpskirkjusóknar fulltrúar og Ólafsvallakirkjusóknar fulltrúar, Hrunakirkjusóknar fulltrúar áætlum við að komi stystu leið frá Hruna bakatil og mæti þá ekki á Laxárbrúna nema þeir óski eftir því. Hrunasóknar fulltrúar þurfa trúlega ekki nema 2. laugardaga til að ganga að Hrepphóla­kirkju. Þá geta þeir einfaldlega beðið eða tekið þátt í göngutúrum með öðrum sóknum. Skemmtilegast væri að þeir mættu líka á Laxárbrúna þann 29. Nóv. og gengu með okkur í Hrepphóla­kirkju .

Laugardagur 29.Nóv. -- Mætum við kl. 14:00 ([ath. breyttur tími](#)) við Laxarbrúna og göngum áleiðis að Hrepphóla­kirkju og hlýðum þar á helgistund hjá séra Óskari sem hefst kl. 15:00 í Hrepphóla­kirkju. Þar með er kirkjugöngu lokið og aðventa tekur við.

NB.

Ef svo illa vildi til að veður verði ekki skaplegt fellur niður sá laugardagur, en við höldum okkur við Laxárbrúna alla vega, þann 29. Nóv. kl. 14:00.

Göngunefnd Kvenfélags Gnúpverjahrepps.

Upplýsingar í síma. 4866031 ,8936031. Disa eða 4866079, 8958079. Sigrún.

Körfuboltafréttir

Veturinn fer vel á stað hjá okkur og þjálfarar hjá okkur veturinn 2014-2015 eru Árni Þór Hilmarsson, Jónas Rafn Ölvisson, Margrét Guðmundsdóttir, Þórdís Jóna Kristjánsdóttir og Ragnheiður Björk Einarsdóttir

Starf körfuknattleiksdeildarinnar UMFH 2013- 2014

Vetrarstarf deildarinnar fór vel af stað um 90 iðkendur börn á aldrinum 6-16 ára æfðu körfu síðastliðinn vetur. Voru það börn úr Hrunamannahrepp, Skeiða og Gnúhverjahrepp, og Bláskógabyggð . Átta lið spiluðu á Íslandsmóti . Einnig var samstarf milli FSU og Hrunamanna.

Stjórn: Stjórn körfuknattleiksdeildarinnar skipa; Óskar Rafn Emilsson formaður, Bára Sævaldsdóttir gjaldkeri , Arnheiður S Þorvaldsdóttir ritari svo má ekki gleyma Árna Þór þjálfara sem á heiðurinn á öllu því sem gerist tengdu körfubolta hjá okkur.

Þjálfarar: Árni Þór Hilmarsson þjálfaði minnibolta og míkróbolta ásamt Rúnari Guðjónssyni hjá báðum kynjum og Jasmine Olson þjálfaði stelpurnar í 7-10 fl og Jónas Rafn Ölvisson strákana í 7-10 fl.

Æfingagjöld síðastliðinn vetur: Míkróbolti 9000 krónur á önn, minnibolti, 13000 krónur á önn, 7-10 flokkur 15000 á önn. Veittur var 15% afsláttur ef báðar annir voru greiddar fyrirfram. Systkinaafsláttur var 25% fyrir annað barn og 50% fyrir þriðja. Æfingagjöld eru öll í skilum.

Tenglar: Foreldrasamstarf er gríðarlega mikilvægt. Starf tengla fellst m.a. í því að skipuleggja ferðir á mót og samstarf við þjálfara auk þess að aðstoða iðkendur t.d. við fjáröflun. En í vetur voru engir tenglar starfandi og er það eitthvað sem þarf að laga. Næsta haust er stefnt að því að fengnir verði tenglar hjá hverjum flokk sem sjá um skipulagningu á keyrslu á mót.

Aksturspeningur: Hvert barn borgar 1500 kr fyrir sætið þegar farið er á mót.

Bingó; körfuknattleiksdeildarinnar var haldið 25.október 2013 í Félagheimili Hrunamanna. Það var mjög góð mæting og ekki annað að sjá en allir skemmtu sér vel.Vinningar voru glæsilegir og færur við öllum þeim sem styrktu okkur bestu þakkir. Sú nýbreytni var að foreldrar og iðkendur söfnuðu vinningum í ár og þetta er afraksturinn:

Gjafapakki frá A4-Búrfellsvirkjun, Spalding körfubolti, Gjafabréf á Grund, Flísteppi frá Landsstólpa,dót, Kerti og konfekt, Gjafabréf frá Cafe Rós, Hangilæri frá Haukholtum, 2 kerti, Gjafabréf Steikhús, Gjafapoki heilsupoki, kerti, Kjöt fra Koti, Ís og geisladiskur með Kalla Hallgríms, Bolur og stuttbuksur Bros Bolir, Þrjónakjöll , kerti, Körfuboltakarfa frá Sportbæ, Konfekt frá Mika, Mynd frá Grétu Gísla, Kerti frá Hverablóm, Pizzaveisla hjá Dominós, Gjafbréf frá Kaffi Sel, Sölufélagskarfa,Gjafabréf Hótel Gullfoss,

Gjafkarfa Friðheimar, Lakkrís, Jötunvélar inneign upp á 5000, sundpokar og brúsar, Kaffi Krús, Kerti, Gjafbréf Kaffi Mika, Lopapeysa, Púsl, sokkar Kurl Projectt, Úr, Húfa, Gjafabréf upp á folatoll undir Amper, Nammikarfa, 5 rétta óvissumáltíð á RUB23, Íslandsbanka dót, hálsmen, ostakarfa, kók, 10 miðar í sund, gjafabréf á KFC, taska og skór frá Peak, DVD diskar, gjafabréf á Kaktus, Rósir.

Firmakeppni: Gekk vel og við þökkum eftirtöldum fyrir stuðninginn: Kjöt frá Koti, Hestamiðstöðin Langholtskoti, Sjóarinn, Hrossaræktarbúið Efra Langholti, Grund Gistiheimili, Hvammur 2, Ragnar og Marta Birtingaholti, Þrándarholtsbúið, Flúðaskóli, Leikskólinn Undraland, Sundlaugin, Íþróttahúsið, Félagsheimilið, Hitaveita Flúða, Vatnveita Flúða, Vesturbrún 17, Límtré Vírnet, Bý, Kaffi Sel, Miðfell 2a, Varmalækur e.h.f, Kúabúið Skipholti.

Fjáröflun: Íssala frá Kjörís og sjoppa á bíókvöldi og mótum og æfingabúðir sem voru mjög vel sóttar.

Úrslit á Íslandsmóti:

Minnibolti kvenna : Byrjuðu í B riðli enduðu í A-riðli - enduðu þar í 3. sæti.

Minnibolti drengja: Byrjuðu í B og enduðu í B-riðli.

7 flokkur kvenna var í samstarfi með Hamri. Þær byrjuðu í C-riðli og enduðu í B-riðli.

8 flokkur kvenna var í samstarfi með Hamri. Þær byrjuðu í C-riðli og enduðu í B-riðli.

8 flokkur karla – þar byrjuðum við með 2 lið. A-liðið byrjaði í B-riðli og endaði í B-riðli. B-liðið var dregið úr keppni vegna mannekle.

9 flokkur kvenna byrjaði í A-riðli og endaði í B-riðli.

9 flokkur karla byrjaði í D-riðli og endaði í D-riðli

10 flokkur kvenna byrjaði í B-riðli og endaði í B-riðli

Bikarkeppni KKÍ

9 flokkur kvenna komst í bikarúrslitaleik og tapaði þar fyrir Keflavík

9 flokkur karla tapaði í 1 umferð fyrir Valsmönnum


10 flokkur kvenna tapaði fyrir Njarðvík í 8-liða úrslitum

HSK mót:

Minnibolti kvenna varð HSK-meistari

Minnibolti karla varð HSK-meistari

8 flokkur kvenna- mót fór ekki fram



8 flokkur karla varð HSK-meistari

Uppskeruhátíð:

Viðurkenningarskjöl afhent, sund og pizzaveisla.

Úrvalsbúðir:

20 iðkendur voru boðaðir í úrvalsbúðir KKÍ fyrir efnilega leikmenn

Um jólin voru boðaðir á landsliðsæfingar Ragnheiður Björk Einarsdóttir, Þórdís Jóna Kristjánsdóttir, Andrea Thorsteinson, Anna Marý Karlsdóttir, Kristín Helgadóttir, Margrét Hrund Arnarsdóttir og Óskar Sigmundsson. Árni Þór Hilmarsson fékk einnig starf sem aðstoðarþjálfari hjá u-18 ára liði kvenna sem tekur þátt í Norðurlandamóti og Evrópukeppni sumarið 2014. Þær Þórdís og Ragnheiður voru valdar í 12 manna hóp sem tók þátt Copenhagen Invitational sumarið 2014.

Í afreksbúðir u-14 ára voru boðaðir eftir veturinn eftirtaldir leikmenn: Birgit Ósk Snorradóttir, Sigríður Magnea Kjartansdóttir, Filip Jan Jozefik, Orri Stínuson og Hörður Freyr Þórarinsson.



Föstudagar eru pizzudagar!

**Kaffi-Sel, golfskálanum verður opið
alla föstudaga í haust frá kl. 17.00 til 20.00**

Lokað aðra daga.

**Utan afgreiðslutíma er hægt að panta fyrir
hópa (með amk. 3ja daga fyrirvara), 10
manns eða fleiri í síma 891-7811 / 661-5935
eða á netfangið: pantanir@kaffisel.is**

Kristjana Skúladóttir

Pór Breiðfjörð

Audnuspor með þér

Sönglög og sögur um Íslendinga



FÉLAGSHEIMILINU FLÚÐUM 19. OKT KL 20:00

Miðaverð kr. 3500 facebook.com/audnuspor



Eigið með okkur notalega kvöldstund þar sem við fjöllum um foreldra og börn, um gamla og nýja tíma í tónum og tali. Fróðleikur og grín en umfram allt ljúfir tónar. Ekki bannað börnum en klárlega ætlað fullorðnum. Píanóleikari er Aðalheiður Þorsteinsdóttir.

Frá Reiðhöllinni á Flúðum



Reiðhöllin þakkar öllum þeim sem lagt hafa okkur lið á árinu með sjálfboðavinnu, peningagjöfum og þeim sem gefið hafa hráefni fyrir veitingasöluna. Fleiri eru

velkomnir að leggja okkur lið á komandi vetri.

Bendum á að veitingasalur hallarinnar er leigður út fyrir fundi og annað því um líkt.

Minum einnig á árskortin sem veita aðgang að reiðsalnum til tanninga og þjálfunar.

Nánari upplýsingar gefa Sigurður Haukur sími 8943059 eða

skollagrof@skollagrof.is

Hólmfríður sími 8561545 eða

holmfridur@skalholt.is



Endagafl til sölu!!

Til sölu er endagafl Íþróttahússins á Flúðum.

Ca 200 fm² eining +klæðning og 4 bitar.

Upplýsingar eru hjá sveitarstjóra í síma:480 6600

netfang:jon@fludir.is, eða hjá veitustjóra í síma 892 2084,

netfang: hitaveita@fludir.is

Folaldasýning

Hin árlega folaldasýning
Hrossaræktarfélags Hrunamanna
verður haldinn í Reiðhöllinni á
Flúðum

sunnudaginn 9. Nóvember. Að vanda
verður keppt í hryssu og

hestfolaldaflokkum og áhorfendur
kjósa svo glæsilegasta folald sýningarinnar.

Skráningargjald er krónur 1500 á folald og skal
ræktandi þess vera félagsmaður.

Vörुकynning verður á hestavörum og
veitingasala á vegum Reiðhallarinnar.

Verðlaun veglegri en áður hefur verið.

Skráið hjá Sigurði Hauk í síma 8943059
eða skollagrof@skollagrof.is

Fram komi kyn folalds, nafn, litur,
foreldrar og ræktandi/eigandi.



**Að gefnu tilefni er það ítrekað að í pappírstunnur og gáma
má ALLS EKKI fara plast!!**

**Vinsamlegast takið allt plast frá áður en pappír er hent,
þannig að ekki þurfi að handtína það frá á flokkunarstað
með ærnum tilkostnaði.**

Hrunaréttir 2014



Haustkvöld